



Fundargerð

395. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. apríl 2016. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:
14. 1604034 Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands – fulltrúi Skaftárhrepps

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Framkvæmdasjóður ferðmannastaða veitti sveitarfélaginu styrkloforð að upphæð rúmar 28 milljónir til uppbyggingar í Fjaðrárgljúfri. Styrknum er m.a. ætlað að bæta öryggi ferðamanna sem sækja staðinn heim. Sveitarstjóri tók á móti fulltrúum sjóðsins í vikunni og sýndi þeim aðstæður í Fjaðrárgljúfri og Eldhrauni. Einnig hefur borist styrkloforð frá Vinum Vatnajökuls að upphæð 750 þúsund til að bæta merkingar í Eldhrauni. Minjastofnun tilkynnti á dögnum úthlutanir úr húsafriðunarsjóði og fékkst 1,5 milljón til lagfæringa á gluggum í Múlakotsskóla. Sveitarstjóri og oddviti sóttu ársþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjóri sat einnig aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem fram kom m.a. að greiddur verður út 523 millj. kr. arður til hluthafa sjóðsins 2016. Skaftárhreppur sótti um fjármagn til lagningar ljósleiðar til fjarskiptasjóðs en tilkynnt var niðurstaða umsókna í gær og fær Skaftárhreppur ekki úthlutað fjármagn úr sjóðnum að þessu sinni.

Dagskrá

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1604020 Kynning frá Arctic Hydro
Kynning frestast vegna forfalla fulltrúa Arctic Hydro.
2. 1603031 Ársreikningur Skaftárhrepps 2015 – fyrri umræða
Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG mætti til fundarins og fór yfir ársreikninginn. Sveitarstjórn þakkar Friðriki greinargóða yfirferð. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.
3. 1604018 Verklagsreglur daglegrar fjármálastjórnar
Sveitarstjóri leggur fram tillögu að verklagsreglum daglegrar fjármálastjórnar. Sveitarstjórn samþykkir verklagsreglurnar.
4. 1604021 Fjárhagsstaða Skaftárhrepps fyrstu 3 mánuði ársins
Afgreiðslu frestað
5. 1604019 Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda 2016 og 2017
Vegna mikils skorts á íbúðarhúsnæði á Kirkjubæjarklaustri samþykkir sveitarstjórn að ekki verði innheimt gatnagerðargjöld af byggingum íbúðarhúsnæðis af hálfu einstaklinga og verktaka á Kirkjubæjarklaustri. Þetta er gert á grundvelli lækkunarheimilar sem veita má samkvæmt 6. grein laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið gildir fyrir nýbyggingar



sem nú eru í byggingu á Kirkjubæjarklaustri og til 31. desember 2016. Ákvæðið miðast við að framkvæmdir hefjist fyrir lok árs 2016.

6. 1604022 Umsókn um rekstrarleyfi gististaðar Skaftárvellir 2

*Meirihluti sveitarstjórnar HGA, BG og EBH hafna því að gefið verði út rekstrarleyfi til gististaða á Skaftárvöllum 2 þar sem það samrýmist ekki aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðabyggð og telur meirihluti sveitarstjórnar að rekstur gististaðar geti valdið óþægindum fyrir aðra íbúa götunnar ásamt því að draga að sér óeðlilega mikla umferð.
SG og JG sitja hjá.*

7. 1604023 Umsókn um rekstrarleyfi gististaðar í Tungu
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

8. 1604013 Erindi frá bjsv. Kyndli um niðurfellingu fasteignagjalda. dags.07.04.2016
Sveitarstjórn samþykkir beiðni Björgunarsveitarinnar Kyndils um styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda árið 2016. Gert er ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2016.

9. 1604024 Erindi Vélhjólaiþróttaklúbbsins vegna akstursíþróttakeppni. dags. 31.03.2016
Sveitarstjórn veitir Vélhjólaiþróttaklúbbum leyfi fyrir sitt leyti til að halda akstursíþróttakeppni 28. maí n.k., að því gefnu að önnur nauðsynleg leyfi liggi fyrir.

10. 1604025 Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um málefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. dags. 31.03.2016

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur að skýra þurfi betur hvað felst í skráningarskyldu í stað leyfisskyldu fyrirtækja og hvaða áhrif það kemur til með að hafa varðandi útgáfu starfsleyfa og eftirlit heilbrigðiseftirlitsins. Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að verið sé að leita leiða til einföldunar á regluverki og telur æskilegt að hafin verði formleg vinna við endurskipulagningu á starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

11. 1604027 Tillaga að gjaldskrá félagsheimila í Skaftárhreppi

Meningarmálanefnd gerir tillögu að gjaldskrá fyrir félagsheimilin Kirkjuhol og Tungusel. Sveitarstjóra falið að samræma gjaldskrárnar í samvinnu við menningarmálanefnd og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

12. 1604028 Drög að samstarfssamningi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Skaftárhrepps vegna jökulvatna í Skaftárhreppi.

Sveitarstjóra falið að safna saman athugasemdum frá sveitarstjórn og ljúka málinu.

13. 1604012 Fjarskipti í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fékk á dögunum kynningu á uppsetningu örbylgjunets í sveitarfélaginu. Ákveðið hefur verið að kynna þennan möguleika fyrir íbúum Skaftárhrepps sem valmöguleika fyrir bætt internet. Þessi lausn í fjarskiptamálum kæmi ekki í staðinn fyrir ljósleiðara en gæti leyst netsambandsmál í Skaftárhreppi þar til ljósleiðari verður lagður á landsvísu. Sveitarstjórn bendir á að unnið verður áfram að því í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar að ná fram samlegð með lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns. Ákveðið hefur verið að halda kynningarfund fyrir íbúa þann 19. apríl nk.

14. 1604034 Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands – fulltrúi Skaftárhrepps

Sveitarstjórn samþykkir að oddviti mæti fyrir hönd sveitarfélagsins.



Fundargerðir til samþykktar

1. 1603011- 110. fundargerð rekstrarnefndar Klausturhóla. dags. 15.03.2016.

1. b). Umræður um breytingar á skipulagi/skipuriti innan hjúkrunarheimilisins.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt

1. c). Nefndin samþykkir að fela formanni nefndarinnar og sveitarstjóra að ræða við starfandi hjúkrunarfræðing Klausturhóla um að taka að sér stöðu hjúkrunarforstjóra tímabundið til eins árs meðan rekstrarnefnd fer yfir skipulag og skipurit Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð í heild samþykkt.

2. 1603011 - 111. fundargerð rekstrarnefndar Klausturhóla. dags. 12.04.2016

Sveitarstjórn óskar nýráðnum hjúkrunarforstjóra velfarnaðar í starfi og þakkar um leið Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur fyrir vel unnin störf í þágu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.

Fundargerð samþykkt.

3. 1604005 - 115. fundargerð skipulagsnefndar. dags. 06.04.2016

1. Tjaldsvæði Kirkjubæ II – Deiliskipulag

Samþykkt skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt

2. Lindarfiskur – Skipulags og matslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að lýsingin verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga og reglugerðar og send til yfirferðar umsagnaraðila.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt

3. Staðsetning gestastofu – Umræður og yfirferð athugasemda

Nefndin leggur til að þær þrjár staðsetningar sem tilgreindar eru í skýrslu um greiningu á staðarvali gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs sem unnin var af Arkís og FSR verði kynntar af skipulagsfulltrúa á íbúafundi þann 19.apríl næstkomandi. Nefndin mun taka endanlega afstöðu til staðsetningar gestastofu á maí fundi skipulagsnefndar. Þær tillögur sem um ræðir eru staðsetning 2, 5 og 7

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt

4. Skipulagsdagur

Oddviti situr fund undir þessum lið

Lögð fram hugmynd að því að halda skipulagsdag í Skaftárhreppi. Uppbyggingu hans og skipulagning rædd.

Ákveðið að halda fundinn á haustdögum.

5. Strútslaug – Umsögn vegna deiliskipulagstillögu Strútslaugar.

Nefndin gerir athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir öflun neysluvatns innan

skipulagsins. Skipulags og bygginarfulltrúa falið að koma umsögn vegna tillögunnar til



*skipulagsfulltrúa Rangárbings Ytra. Nefndin leggur til að tillagan fari einnig til kynningar í umhverfisnefnd Skaftárhrepps.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt*

6. Gröf – Stofnun lóðar

*Samþykkt. Skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt*

7. Fossar – Stofnun lóðar

*Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt*

9. Umsókn um stöðuleyfi - Eldhraun ehf.

Stöðuleyfi er eingöngu veitt til árs í senn í samr. við ákvæði reglugerðar. Ekki er gerð athugasemd við veitingu stöðuleyfis til eins árs.

*Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt*

Fundargerð í heild samþykkt.

Fundargerðir til kynningar.

1. 1604029 Aðalfundur Friðar og frumkrafta. 19.03.2016. *fundargerð kynnt*

2. 1603022 Fundargerð verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar. 06.04.2016. *fundargerð kynnt*

3. 1604030- 506. fundur stjórnar SASS. 4. mars 2016. *fundargerð kynnt*

4. 1604030- 507. fundur stjórnar SASS. 01.04.2016. *fundargerð kynnt*

5. 1604026 – 837. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. 18. mars 2016. *fundargerð kynnt*

6. 1604031- 32. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 21.03.2016. *fundargerð kynnt*

7. 1604011 Fundargerð framkvæmdahóps vegna ferðamannastaða. 06.04.2016. *fundargerð kynnt*

Annað kynningarefni.

1. 1604032 Framvinduskýrsla vegna verknámsaðstöðu FSU. Febrúar 2016. *kynnt*

2. 1603040 Afrit af erindi Suðurorku til Lex lögmansstofu. 16.03.2016. *kynnt*

3. 1603039 Erindi Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. 16.03.2016. *kynnt*

4. 1604033 Minnisblað frá Vinnumálastofnun um sumarstörf. 14.03.2016. *kynnt*

5. 1604014 Skýrsla frá HSU um sjúkraflutninga. *kynnt*

Sveitarstjóri verður í fríi dagana 28. apríl til 3. maí að báðum dögum meðtöldum.

Næsti fundur áætlaður 12. maí 2016


Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 16:40




Eva Björk Harðardóttir


Eva Björk Harðardóttir


Sverrir Gíslason


Sverrir Gíslason


Heiða G. Ásgeirsdóttir

Heiða G. Ásgeirsdóttir


Jóhannes Gissurarson

Jóhannes Gissurarson


Bjarki Guðnason

Bjarki Guðnason

